

hann álitu, að það ekki heyrði undir Lund samkvæmt merkjalýsingu hans 1647.

Samkvæmt hinu framanritaða verður landamerkjadómurinn eigi ónýttur fyrir lögleysu að efni til, og með því að öðru leyti eigi er ástæða til að fella hann úr gildi, verður að staðfesta hann. Eftir úrslitum málsins verður málsfærslumanni áfrýjanda við yfirdóminn eigi dæmt málsfærslukaup, og eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Það er vitavert, að í þessu gjafsóknarmáli, sem tekið var undir dóm í hjerði hinn 29. júlí 1892, var dómur eigi kveðinn upp fyr en 8. október næst á eptir, og er þessi dráttur alls eigi nægilega rjettlættur af forseta merkjadómsins, þótt hann hafi gjört tilraun til þess. En þó þykir ekki alveg nægileg ástæða til þess, að láta þennan drátt varða sektum, sjerstaklega með tilliti til þess, að umboðsmaður áfrýjanda hefur ekki krafizt þess. Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjerði verið viðunanlegur, og sókn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Yfirdómsstefnunni frávíssast að því er Jón Tómasson snertir. Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður falli niður.

Nr. 2/1894:

Guðmundur Gíslason  
gegn  
Jóni Laxdal Gíslasyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í hjerði stefndi Jón Laxdal

Gíslason gegn áfrýjandanum Guðmundi Gíslasyni fyrir það, að Guðmundur, sem var ráðinn vinnumaður Jóns frá 28. sept. 1892 til jafnlengdar 1893 og einnig vistráðinn hjá honum næsta ár frá 28. sept. f. á. til 20. sept. p. á., stökk burtu úr vistinni hjá stefnda 6. sept. f. á., og var málið dæmt í lögreglurjetti Reykjavíkur 18. sept. f. á. þannig, að Guðmundur skyldi greiða Jóni 9 kr. 63 a., er hann hafði fengið upp í næsta árs kaup sitt, 5 kr. og 50 a. sem tiltölulegan hluta af umsömdu árskaupi hans frá 6. sept. f. á. til 28. s. m., og umsamið árskaup fyrir næsta vistarár, 110 kr., samtals 125 kr. 13 a.; svo skyldi hann og greiða Jóni í málskostnað 8 kr.

Dómi þessum hefur áfrýjandinn Guðmundur Gíslason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 9. jan. p. á., og til þess fengið gjafsókn og skipaðan málfutningsmann, og hefur þess verið krafizt af hans hálfu, að málinu verði ex officio vísað heim til nýrrar og löglegrí meðferðar, en til vara, að áfrýjandinn verði algjörlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda, og hvernig sem fer, að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða málfutningsmanns, hvorttveggja eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að dómurinn verði staðfestur og sjer dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum að skaðlausu eða eptir rjettarins mati.

Áfrýjandinn hefur byggt ómerkingar- og heimvísunarkröfu sína á því, að stefndi hafi mætt fyrir lögreglurjettinum með löglærðan mann sjer við hlið í fyrsta rjettarhaldi málsins, og síðar látið þennan mann einan

mæta fyrir sína hönd, og á því, að undirdómarinn hafi eigi yfirheyrt stefnda neitt eða gjört sjer far um að upplýsa málið nægilega. En eins og ekkert ólöglegt var í því, samkvæmt tilsk. 15. ágúst 1832, sem fara átti eptir í þessu efni, sbr. inngangsorð hennar, þótt stefndi ljeti löglærðan mann mæta með sjer og fyrir sig í málinu, þannig verður heldur eigi álitid, að undirdómarinn hafi í neinu vanrækt leiðbeiningarskyldu sína samkvæmt greindu lagaboði, og verður því eigi tekið tillit til kröfu áfrýjanda, þeirrar er hjer rædir um.

Að því er aðalefni málsins spertir, þá er það viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hljóp úr vist hjá stefnda 6. sept. f. á., og lýsti því jafnframt yfir, þótt hann væri vistráðinn hjá honum einnig næsta ár, að hann færi aldrei til hans aptur. Ber áfrýjandi það fyrir sem ástæðu til þess að hann hljóp úr vistinni, að hann hafi haft illt og ónógt fæði hjá stefnda þann tíma, er hann var hjá honum, og verið þjónustulaus síðustu dagana, sem hann var þar. En með því að stefndi hefur mótmælt þessum framburði áfrýjanda og hann eigi fært frekari sönnur á mál sitt, enda viðurkennt, að hann hafi aldrei kvartað við stefnda yfir fæðinu eða þjónustuleysi fyrir en það kvöld, er hann hljóp úr vistinni, þá verður að álíta, að hann hafi eigi haft löglega ástæðu til að ganga úr vistinni hjá stefnda, og dæma hann til að greiða stefnda skaðabætur samkvæmt 28. gr. hjúlaganna 26. jan. 1866, og eru skaðabæturnar rjett ákveðnar í lögreglurjettardómnum. Með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, ber að staðfesta hann í heild sinni. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eptir atvikum mega falla niður. Hinum skipaða málfutningsmanni áfrýjanda verða eptir

Þessum úrslitum málsins eigi greidd nein málflytning-  
laun, en málsfærslan af hans hendi hefur verið lög-  
mæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera ó-  
raskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 21. maímánaðar.

Nr. 18/1894:

Rjettvísing

gegn

Þorsteini Marías Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðn-  
um 2. febr. p. á., var hinn ákærði Þorsteinn Marías  
Pálsson dæmdur fyrir þjófnað samkvæmt 230. gr. í al-  
mennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2  
sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að  
greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 4 kr. sem máls-  
varnarlaun í hjeraði til hreppstjóra Jóns Jónssonar á  
Hafsteinsstöðum. Þessum dómi hefur verið áfrýjað til  
yfirdómsins bæði af hálfu hins ákærða og fyrir hönd  
hins opinbera.

Það er sannað í málinu með eigin játningu á-  
kærða sjálfs, sem er í samhljóðan við önnur upplýst  
atvik sakarinnar, að hann hafi hinn 24. nóvember f. á.  
tekið poka með ýmsum vörum í, sem hafði verið skil-  
inn eptir við skipsenda skammt frá verzlunarbúðardyr-  
um kaupmanus Popps á Sauðárkróki; gjörði hann þetta